

61. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn mánudaginn 25. ágúst 2008 kl.12 -13 heima hjá Ingibjörgu.

Mætt: Hildur Gestsdóttir, María J. Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Helga Tulíníus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson og Sigurlaug Hauksdóttir.

Staða innheimtu félagsgjalda frá félagmönnum og greiðsla frá styrktaraðilum

Félagsmenn eru 74 en það gengur ekki vel að innheimta félagsgjöldin. Félagsgjöldin eru einna helst notuð til að greiða fyrir kaffi á félagsfundum, fyrir póstsendingar og til að halda úti heimasíðunni. Bjarni er núna í viðræðum við Spron um innheimtu félagsgjaldanna í gegnum heimabankann, en hann er eins og er að reyna að fá lækkaðan innheimtukostnaðinn sem er kr. 270,- fyrir hvern félagsmann. Síðan þarf að stofna reikning og fá kennitölur frá öllum félagsmönnum. Finna þarf ákveðinn stað til að geyma skrána yfir félagsmenn.

Greiðslur til CLF

Bjarni sendi nýlega til CLF \$ 500 fyrir barnagæslu, en hún er ein af fjórum greiðslum Alnæmisbarna til þessa ákveðna verkefnis á ári hverju. Einnig borga Alnæmisbörn fyrir menntun stúlkanna þrisvar sinnum á ári í september, febrúar og maí, er greiðslurnar tengjast önnum skólanna sem eru þrjár. Undanfarið hafa Alnæmisbörn greitt húsaleigu CLF sem hefur verið gert tvisvar sinnum á ári, á sumrin og um áramótin. Þær greiðslur hefur félagið ekki skuldbundið sig til að greiða til framtíðar. Eigum eins og er inn á reikningi tæpar eina milljón krónur sem nægir fyrir húsaleigunni, dagheimilinu og menntun kvennanna á þessu ári. Frést hefur að ekki gangi nógu vel hjá CLF eins og er. Eitthvað hafi verið um að starfsfólki hafi verið sagt upp, en öðrum jafnvel boðin þeirra staða í staðinn. Skoða þarf þessi mál sem og önnur þegar fullrúar stjórnar Alnæmisbarna fara í heimsókn til CLF seinna á þessu ári. T.d. kanna gengi stofnlánasjóðsins sem við höfum tvisvar borgað inn á fyrir ekki svo ýkja löngu síðan. Spurning hvornig gengur og hvort auka þurfi styrkveitingar til þessa sjóðs sem styrkir stúlkurnar til að koma undir sig fótunum með einhverja starfsemi þegar þær ljúka skólagöngu og veru sinni á CLF. Ingibjörg ætlar að skrifa forstöðukonunni Rosette bréf og kanna m.a. hver staðan sé með nýju bygginguna undir starfsemi CLF. Alnæmisbörn er búin að veita styrk til kaupa lóðar undir hana en síðan stóð til að japanska sendiráðið styrkti CLF með byggingu hússins. Ekkert hefur heyrst hvornig það hefur gengið.

Sala á barnafötum í Kolaporti

Hildur ætlar að kanna hvort það séu lausir básar í Kolapotinu helgina 20. og 21. september eða 27. og 28. september. Undirbúa þarf söluna helgina á undan. Leggja á áherslu á sölu barnafata og kerta, sem kertahópur Alnæmisbarna hefur verið að búa til, en nægilegar byrgðir eru til þeim í dag. Kanna þarf hvort félagsmenn eigi barnaföt til að leggja í púkkið og hvort þeir séu til að taka þátt í sölunni í Kolaportinu. Þegar dagsetningin er komin á hreint verður félagsmönnum Alnæmisbarna sent bréf.

Samvinna við ABC Barnahjálpm um verkefnið Gefðu skjól – leikskóli í Norður Úganda

Alnæmisbörn hafa þegar greitt kr.1.5 milljónir til byggingar dagheimilis í Norður Úganda en enn skortir 1.3 til 1.5 milljónir króna til að fullklára dagheimilið t.d. með innréttingum. Þetta fjárframlag Alnæmisbarna til þessa ákveðna verkefnis er unnið í samstarfi við ABC barnahjálpm. Alnæmisbörn ætlar að safna viðbótarstyrk til dagheimilisins með því að vera með sölu í Kolaportinu. Síðan verða hugsaðar aðrar leiðir til fjáröflunar t.d. þeim sem beitt var í fyrra eins og sala kerta fyrir jólin í Kringlunni og rafrænar jólakveðjur í fyrirtækjum.

Undirbúningsnefnd um 16 daga átakið

Ákveðið að fresta umræðunni um 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi þangað til nær dregur sameiginlegu átaki fjölda samtaka og félaga um þetta málefni. Upplýsingamiðlun til félagmanna og styrktaraðila

Senda á bréf til félagsmanna og tilkynna þeim verkaskiptingu stjórnar og nýjustu fréttir.

Önnur mál

Biðja Gest Gíslason, sem situr í stjórn CLF, að funda með okkur bráðlega til að fræðast um stöðu mála og leggja á ráðin.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar